

XIII. KAFLI – Aðrar reglugerðir SSÍ

a) Reglugerð um víðavatnssund.

1. grein

Sundsamband Íslands, SSÍ, setur reglur um víðavatnssund á Íslandi, viðurkennir einstök víðavatnssund, heldur utan um árangur og gefur út viðurkenningar til einstaklinga að sundi loknu. Komi upp meiningarmunur sker SSÍ úr og hefur reglur FINA til hliðsjónar eftir því sem við á.

2. grein

Víðavatnssund telst sund sem fer fram í ám, vötnum, sjó eða vatnstrásum. Undanskilið er 10 km sund, en það er skilgreint sem Maraþon sund og um það gildir sérstök reglugerð.

3. grein

Þessar reglur gilda um öll sund á Íslandi sem geta talist víðavatnssund eftir fyrirframtilkynntri sundleið og fara fram eftir 1. janúar 2010. Slík sund sem framkvæmd hafa verið fyrir 1. janúar 2010 geta fengið viðurkenningu að því tilskyldu að vitni hafi verið að þeim og tilkynning um sundið sé sent á SSÍ.

4. grein

Til að sund sé viðurkennt af SSÍ ber sundmanni að tilkynna það fyrirfram til SSÍ á sérstöku formi sem er aðgengilegt á heimasíðu SSÍ. Í tilkynningu um fyrirhugað sund skal eftirfarandi koma fram:

- a) Hvaða sundmann um ræðir
- b) Að sundmaður sé orðinn fullra 18 ára þegar sund fer fram. Sundmaður sem orðinn er fullra 16 ára getur fengið heimild til að synda að því tilskyldu að forráðamenn viðkomandi undirriti tilkynninguna ásamt sundmanni.
- c) Yfirlýsing sundmanns og eftir atvikum forráðamanns um að hann undirgangist reglur SSÍ um víðavatnssund þmt skuldbindingu um að taka ekki óþarfa áhættu í sundinu
- d) Hvaða sundleið um ræðir – upphafspunktur og endastað
- e) Hvenær sundið á að fara fram. Taka skal fram ef verið er að reyna við ákveðna leið á afmörkuðu tímabili.
- f) Hver/hverjir munu fylgja sundmanni í sundinu og hvernig verður þeirri fylgd háttað
- g) Hvort fylgdarmenn hafi kynnt sér reglur SSÍ um víðavatnssund og hafi undirgengist námskeið í skyndihjálpi, fræðslu um ofkólnun og námskeið á vegum viðurkenndra aðila um fylgd í víðavatnssundi.
- h) Að sundmaður beri ábyrgð á sundinu sjálfur en hann viðurkenni að eftirlitsmaður (björgunarsveitarmaður) hafi fullt vald til að grípa inn í og stöðva sund, ef ástæða er til, ma vegna örþreytu sundmanns, veðuraðstæðna, aðstæðna í sjó eða annars sem skiptir máli og varðar líf og öryggi sundmanns
- i) Hvort yfirvöldum hafi verið tilkynnt um sundið og leyfi fengið eftir atvikum (með yfirvöldum er átt við lögreglu, hafnarverði eða aðra þá sem einhverja ábyrgð kunna að bera á því svæði sem sundið fer fram á).
- j) Að tilskilið gjald til SSÍ hafi verið greitt.

5. Grein

Til að fá viðurkenningu að sundi loknu undirritar sundmaður yfirlýsingu um lok sunds ásamt fylgdarmanni sínum og einum votti og sendir til SSÍ.

Á viðurkenningarskjali skal tilgreina sundleið, tíma sundsins og útbúnað sundmanns. Ef sundmaður hefur synt án smurningar og eingöngu í leyfilegum sundfatnaði samkvæmt reglum FINA skal geta þess á viðurkenningarskjali, enda kemur slíkt fram á yfirlýsingu viðkomandi. SSÍ varðveitir skrá yfir þá sem hljóta viðurkenningar.

Stjórn SSÍ er heimilt að veita sérstakar viðurkenningar vegna;

- a) Sérstakra afreka
- b) Drangeyjarsunds
- c) Hraðamet kvenna eða karla á ákveðinni sundleið.
- d) Elsti einstaklingur kvenna og karla á ákveðinni sundleið.

enda komi ábendingar þar um til SSÍ.

6. grein

SSÍ gefur út amk einu sinni á ári lista yfir þær sundleiðir sem það viðurkennir. Þær eru nú:

- a) **Akrannessund**, frá Selsvör við Ánanaust og að Teigavör eða Langasandi á Akranesi og öfugt
- b) **Bessastaðasund**, frá Skildingarnesi og að Eyri við Álftanes og öfugt
- c) **Drangeyjarsund**, um tvær sundleiðir er að ræða. Sú fyrri er úr Drangeyjarfjöru og að landi við Reykjadisk og öfugt. Þessi leið er u.þ.b. 6,5 km löng. Sú síðari er úr Uppgönguvíkinni og að landi við Reykjadisk og öfugt, leið sem er u.þ.b. 7,3 km að lengd.
- d) **Engeyjarsund**, úr Engey og að fyrstu flotbryggju við gamla slippinn í Reykjavíkurböfn og öfugt
- e) **Hríseyjarsund**, tvær sundleiðir. Annars vegar úr Hrísey að Dalvík og öfugt og hinsvegar úr Hrísey og að Árskógssandi og öfugt.
- f) **Hvalfjarðarsund**, frá Leyni rétt ofan við álverið og að Hvalfjarðareyri og öfugt
- g) **Kjalarnessund**, frá Kjalarnesi og að fyrstu flotbryggju við gamla slippinn í Reykjavíkurböfn og öfugt
- h) **Reykjavíkur – Hafnarfjarðarsund**, úr Nauthólsvík og inn í Hafnarfjarðarhöfn og öfugt
- i) **Viðeyjarsund**, úr fjöru við Viðeyjarbryggju og að fyrstu flotbryggju við gamla slippinn í Reykjavíkurböfn og öfugt
- j) **Vestmannaeyjarsund**, frá Vestmannaeyjum og að Landeyjum
- k) **Pingvallarsund**, frá Mjóanesoddi og að Riðvíkur og Markatanga

Fleiri sundleiðir koma til greina. Sundmaður sem óskar að synda sundleið sem er ekki á listanum og vill fá viðurkenningu SSÍ, sendir inn lýsingu á sundleið ásamt hefðbundinni skráningu. Sundleiðin fer þá á lista SSÍ um leið og stjórn SSÍ hefur staðfest hana. Um Drangeyjarsund gildir einnig reglugerð ÍSÍ um það sund. Um Íslandsmót í víðavatnssundi gildir sérstök reglugerð.

7. grein

Sundmaður verður að vera á þurru land áður en hann byrjar sund sitt. Sundið hefst um leið og sundmaður snertir vatnið hvort sem hann stingur sér eða fer með fætur á undan. Þá skal eftirlitsmaður hefja tímatöku. Sundi er lokið þegar sundmaður er kominn allur upp úr vatni og á þurrt land. Þá skal tímatöku ljúka.

Leyfilegt er að afhenda sundmanni mat og drykk í einstaklingssundi en hann má ekki snerta fylgdarbát meðan á sundi stendur.

Undir engum kringumstæðum skulu vera fleiri en einn sundmaður á hvern bát nema um boðsund sé að ræða. Verði misbrestur á þessu er stjórn SSÍ óheimilt að viðurkenna sund þeirra sundmanna sem um ræðir.

8. grein

Sundmanni er heimilt að nota eitt lag af öllum óhitaeinangrandi sundfatnað í víðavatnssundi [samkvæmt reglum FINA](#) eina sundhettu úr óhitaeinangrandi efni og ein sundgleraugu. Heimilt er að skipta um sundgleraugu meðan á sundi stendur. Allar gerðir smurninga eru leyfilegar að 0,5 kg. Fylgdarmaður metur smurningu og vottar hana.

Allur aukabúnaður sem getur aukið hraða, kuldaþol og flot, s.s. blautbúningur, froskalappir, spaðar, korkur, binda saman fingur o. fl. er bannaður.

9. grein

Heimilt er að synda boðsund á viðurkenndum sundleiðum í víðavatnssundi. Sömu reglur gilda um einstaklinga í boðsundi eftir því sem við á. Boðsund telst vera þegar amk 2 eða fleiri sundmenn synda boðsund þar sem hver sundmaður syndir í einu í 20 mínútna hólfum.

Skipting skal fara þannig fram að sundmaður sem tekur við skal fara ofan í fyrir aftan syndandi sundmann og skipting telst vera þegar hann er kominn samhliða honum. Sundmenn mega ekki snertast. Meðlimir boðsundssveitar verða halda sömu röð út sundið.

10. grein

Reglur SSÍ, ÍSÍ og WADA um lyfjanotkun eiga við í Víðvatnssundi.

11. grein

Stjórn SSÍ gefur út upplýsingabækling um víðavatnssund, þar sem helstu sundleiðir, reglur og öryggisatriði eru tilgreind. Heimilt er að tengja þá útgáfu upplýsingum um aðrar sundíþróttir.

